

Sigurður B. Jónsson
Jarlsstaðir
641 Húsavík

2005080049
6609; 9310

Reykjavík, 25. október 2005

Efni: Skógrækt á um 25 ha á Jarlsstöðum í Aðaldælahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Sigurðar B. Jónssonar dags. 10. ágúst 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaða skógrækt landeiganda Jarlsstaða í samvinnu við Norðurlandsskóga á óskiptum úthaga jarðanna Jarlsstaða og Hjarðarhaga í Aðaldælahreppi. Fyrirhuguð skógrækt er tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. og lið 1 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Aðaldælahrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Aðaldælahreppi með tölvupósti dags. 6. október 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 5. október 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. september 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Norðurlandsskógum með bréfi dags. 4. október og tölvupóstum dags. 10. og 12. október 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að rækta skóg á rúmlega 25 ha á óskiptum úthaga jarðanna Jarlsstaða og Hjarðarhaga í Aðaldælahreppi. Svæðið er um 11 km frá sjó og er nánast hallalaust í um 20 m h.y.s. Svæðið er allvel gróið, nánast eingöngu mólendi en jarðvegur er víðast þunnur. Töluvert er um hraun á yfirborði. Undanfarið hefur landið eingöngu verið notað til sauðfjárbætur. Gert er ráð fyrir að gróðursetningin fari fram á næstu 10 árum og áformað er að gróðursetja tæpar 52.000 plöntur. Gert er ráð fyrir að um 49 % þeirra verði birki, rússalerki tæpar 30 % og stafafura rúm 18 %. Auk þess er gert ráð fyrir að einnig verði gróðursett lítilræði af ilmreyni, hvítgreni og lindifuru. Gert er ráð fyrir nokkurri jarðvinnslu við undirbúning gróðursetningarinnar sem fellst í því að handflekka tæpar 60 % af svæðinu og tæpar 40 % verði flekkt með bensínorfi.

Fram kemur að tegundaval miðast við að birki og ilmreynir spjari sig með sama hætti og þeir

náttúrulegu birkiskógar sem fyrir eru í Aðaldalshrauni. Rússalerki er valið með hliðsjón af takmörkuðum jarðvegsraka og stafafura með tilliti til frosthættu flatlendisins. Gert er ráð fyrir blöndu tveggja eða fleiri tegunda í öllum reitum. Vegna fjölbreytts tegundavals og óreglulegar lögunar er gert ráð fyrir að skógurinn falli vel að landslagi. Allar trjátegundirnar sem verða notaðar eru fremur ljóselskar og því er gert ráð fyrir gróskumiklum skógarbotni og má því gera ráð fyrir að tegundafjölbreytni í skóginum verði mikil.

Fram kemur að hluti væntanlegs skógræktarsvæðis er innan 200 m frá Laxá og fellur sá hluti undir lög nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu auk þess sem undirlag skógræktarinnar er eldhraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Fram kemur að skógræktarsvæðinu verði haldið utan við hraungarða og aðra hlaðna garða á svæðinu. Auk þess er ekki gert ráð fyrir að gróðursetja í Dalgötu sem er gamalt landamerki á svæðinu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Aðaldælahreppur og Fornleifavernd ríkisins telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að skógrækt innan 200 m frá Laxá og einnig skógrækt fast að 200 m línu frá Laxá sé líkleg, til lengri tíma litið, til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að forn, hlaðinn garður afmarki skógræktarsvæðið að austan næst Laxá. Á loftmynd virðist fyrirhugað skógræktarsvæði eiga að liggja upp að þessum forna garði á svæði 5 og stafi garðinum því hætta af skógræktinni. Það er mat Fornleifaverndar að breyta þurfi svæði 5 þannig að ekki verði plantað nær hinum forna garði en 50 m. Að þessu skilyrði uppfylltu telur Fornleifavernd ríkisins ekki nauðsynlegt að umhverfisáhrif framkvæmdarinnar verði metin.

Í svörum Norðurlandskóga er fallist á tilmæli Fornleifaverndar ríkisins um að ekki verði gróðursett nær hinum forna garði en í 50 m fjarlægð.

Tegundaval og markmið verkefnis. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki komi fram hvort plantað verði stofnum birkis og reynis af því svæði sem sé til umfjöllunar. Í skýrslunni komi fram að svæðið sé allt allvel gróið en ekki liggi fyrir hver sé tilgangurinn með fyrirhugaðri skógrækt.

Í svörum Norðurlandskóga kemur fram að notað verði íslenskt fræ af birki og reynivið sem henti aðstæðum á Jarlsstöðum. Ekki sé hægt að ábyrgjast fræöflun þessara tegunda á svæðinu. Tekið er fram vegna fyrirhugaðrar notkunar erlendra trjátegunda að Norðurlandsskógar telji að við val á trjátegundum sé eðlilegt að nota sem fjölbreyttastan trjágróður allt eftir eðli lands og aðstæðum. Ekki beri að útiloka innfluttar tegundir. Á Jarlsstöðum sé áætluð landbótaskógrækt sem hafi ekki viðarframleiðslu að meginmarkmiði heldur aðrar skógarnytjar svo sem jarðvegsvernd, vistheimt, skjól, útivist og kolefnisbindingu.

Verndarsvæði. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt lögum nr. 97/2004 um vernd Mývatns og Laxár sé það meginregla að óheimilt sé að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á landsvæði sem um geti í 1. mgr. 2. gr. þeirra. En heimilar skuli framkvæmdir sem séu í samræmi við aðalskipulag sem Umhverfisstofnun hefur fallist á. Það sé

Því ljóst af markmiðum laganna að meginreglan sé sú að óheimilt sé að raska lífríki, jarðmyndunum eða landslagi nema að búið sé að taka frá svæði til ákveðinna athafna eða reksturs í aðalskipulagi sem hlotið hafi staðfestingu. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að búið sé að taka umrætt svæði að hluta til frá til að vernda lífríki þess gildi önnur viðmið fyrir það en svæði sem ekki njóti sérstakrar verndar. Umhverfisstofnun telji að með því að planta trjám á umræddu svæði sé gripið inn í það „náttúrulega ferli eða náttúrufar“ sem lagt hafi verið til grundvallar verndun Mývatns og Laxár. Fram kemur að þegar svæðið var verndað fól það m.a. í sér að landbúnaður væri stundaður á svæðinu og að þar væri t.d. beit og annað sem tilheyrir hefðbundum landbúnaði á Íslandi. Umhverfisstofnun telji hins vegar að skógrækt, þar sem stór hluti þeirra trjáteguna sem nota eigi séu framandi tegundir og þar sem plöntun trjáanna geti falið í sér bæði röskun á lífríki, jarðvegi, jarðmyndunum og landslagi, teljist ekki til hefðbundins landbúnaðar í skilningi laga um verndun Mývatns og Laxár. Rétt sé að benda á að Íslendingar séu aðilar að samningnum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni þar sem sérstök áhersla sé lögð á verndun upprunalegra vistkerfa. Lög sem sett séu eftir að Íslendingar gerðust aðilar að samningnum og noti hugtakið verndun líffræðilegrar fjölbreytni hljóti því að taka mið af samningnum. Einnig sé gert ráð fyrir í samningnum nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni en sú nýting skuli vera í anda sjálfbærrar þróunar en ekki felast í því að flytja inn nýjar tegundir og búa til ný vistkerfi á svæði sem njóti sérstakrar verndar eða auki hættuna á að nýjar tegundir dreifist inn á það svæði.

Umhverfisstofnun bendir á að verið sé að klæða landið með trjátegunum sem ekki séu náttúrulegar fyrir Ísland og ekki fyrir þetta svæði. Endurheimt í anda samningsins um líffræðilega fjölbreytni fæli því t.d. í sér að endurheimta birkiskóga, t.d. stofna frá þessu svæði. Af áralangri reynslu sé þekkt að innfluttar tegundir, bæði úr plöntu og dýraríki, hafi valdið verulegum skaða og/eða breytingum á vistgerðum. Það sé varasamt að fullyrða eins og gert sé í framlagðri skýrslu Norðurlandsskóga að áhrif á fuglalíf verði eingöngu af hinu góða. Hafa verði í huga að svæðið sé búsvæði tiltekinna tegunda, t.d. fuglategunda, sem verndunin nái til og að meta þurfi allar fyrirhugaðar framkvæmdir á verndarsvæðinu í samræmi við þau lög sem um það gilda. Jafnframt beri að hafa í huga að umrætt svæði njóti verndar sem alþjóðlega mikilvægt fuglaverndunarsvæði og votlendissvæði, Ramsarsvæði. Í því samhengi skipti búsvæði og vistgerðir á bökkum Laxár miklu máli.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur ennfremur fram að stærstur hluti þeirrar skógræktar sem hér sé til umfjöllunar sé ekki innan 200 m línu frá Laxá. Svæðið virðist vera að stórum hluta allvel gróið hraun og lyngheiði. Umhverfisstofnun geti ekki mælt með skógrækt í hraunum þar sem þau haldi einkennum sínum sem hraun og séu ekki að fullu hulin jarðvegi eða sandorpin eða eins og hér þar sem þau eru hluti af landslagi umhverfis Laxá.

Í svæðisskipulagi sem Norðurlandsskógar hafi lagt fram sé stefna skipulagsins sú að ekki beri að ýta undir eða styrkja skógrækt innan friðlýstra svæða, svo ekki sé talað um svæði sem sérstaklega séu friðlýst vegna sérstöðu þeirra m.t.t. lífríkis. Einnig komi fram í leiðbeiningum um skógrækt, Skógrækt í sátt við umhverfið, sem unnar hafi verið í samvinnu fjölda hagsmunaaðila, að almennt sé ekki gert ráð fyrir skógrækt á friðlýstum svæðum. Þessar leiðbeiningar séu einnig í samræmi við það sem komi fram í „Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“, þar sem segi á bls. 47. um skógrækt: „Áhersla er lögð á að skógarnir falli sem best að landslagi og að með skógrækt sé mikilvægum búsvæðum, náttúruminum og þjóðminjum ekki raskað.“

Í svörum Norðurlandskóga kemur fram að samkvæmt sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga sem ekki hafi enn verið formlega staðfest af umhverfisráðherra sé gert ráð fyrir að leitað sé leyfis Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum á svæðum sem njóti verndar skv. sérlögum. Þar sem skipulagið hafi ekki verið staðfest sé það skilningur Norðurlandsskóga að hið rétta ferli í afgreiðslu málsins sé tilkynning um matsskyldu til Skipulagsstofnunar. Norðurlandsskógar og landeigandi Jarlsstaða séu í erindinu annars vegar að leita svara við því hvort gróðursetning íslensks birkis sem ná mundi að litlu leyti inn á helgunarsvæði laga um verndun Mývatns og Laxár sé heimil. Og hins vegar hvort skógrækt með fjölbreyttara tegundavali sé heimil í allvel grónu eldhrauni sem njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Framkvæmdaraðili fallist á að færa fyrirhugað skógræktarsvæði til þannig að það nái ekki inn á friðland Laxár sé það gert að skilyrði vegna fyrirhugaðrar skógræktar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýskógrækt á um 25 ha af óskiptum úthaga jarðanna Jarlsstaða og Hjarðarhaga í Aðaldælahreppi. Framkvæmdin er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Fyrirhugað skógræktarsvæði er allvel gróið hraun sem hefur verið notað til sauðfjárbeitar. Gert er ráð fyrir að um helmingur trjáplantnanna verði íslenskt birki og reyniviður en um helmingurinn verði framandi tegundir, þ.e. rússalerki, stafafura, hvítgreni og lindifura.

Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila mun áformuð skógrækt ná að hluta inn á það 200 m svæði sem nýtur verndar samkvæmd lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Það svæði nýtur einnig verndar sem bæði alþjóðlega mikilvægt fuglaverndunarsvæði og votlendissvæði (Ramsarsvæði). Auk þess einkennist fyrirhugað skógræktarsvæði að mestu leyti af vel grónum lyngmóa í hrauni sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Einnig hafa fundist fornminjar á svæðinu.

Umhverfisstofnun hefur bent á að Íslendingar séu aðilar að samningnum um líffræðilega fjölbreytni. Samningurinn geri ráð fyrir að nýting á líffræðilegri fjölbreytnin skuli vera í anda sjálfbærrar þróunar en felist ekki í því að flytja inn nýjar tegundir og búa til ný vistkerfi á svæði sem njóti sérstakrar verndar eða auki hættu á því að nýjar tegundir dreifist inn á það svæði. Umhverfisstofnun hefur bent á að fyrirhuguð skógrækt og plöntun trjáanna geti falið í sér bæði röskun á lífríki, jarðvegi, jarðmyndunum og landslagi á verndarsvæðinu. Fyrir vikið telur Umhverfisstofnun að skógrækt á svæðinu brjóti í bága við meginmarkmið laga nr. 97/2004. Framkvæmdaraðili hefur fallist á að færa skógræktarsvæðið til þannig að það nái ekki inn á friðland Laxár sé það gert að skilyrði. Fornleifavernd ríkisins hefur bent á nauðsyn þess að takmarka fyrirhugaða skógrækt við 50 m fjarlægð frá fornum garði á svokölluðu svæði 5 og hefur framkvæmdaraðili fallist á það.

Umhverfisstofnun hefur bent á að skv. Sérstöku svæðisskipulagi fyrir Norðurlandsskóga, sem enn hefur ekki verið staðfest, beri ekki að ýta undir eða styrkja skógrækt innan friðlýstra svæða. Ennfremur hefur Umhverfisstofnun bent á að í leiðbeiningum um skógrækt, Skógrækt í sátt við umhverfið, sé almennt ekki gert ráð fyrir skógrækt á friðlýstum svæðum. Einnig vísar Umhverfisstofnun til viðmiða í „Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi“, þar sem fram kemur að áhersla sé lögð á að skógarnir falli sem best að landslagi og að með skógrækt sé mikilvægum búsvæðum, náttúruminum og þjóðminjum ekki raskað.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhuguð skógrækt innan þess 200 m svæðis sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár samræmist ekki markmiðum um verndun sem lögð eru þar til grundvallar og að falla beri frá áformum um skógrækt á þessu svæði. Skipulagsstofnun telur einnig að skógrækt sem fyrirhuguð er fast að mörkum verndarsvæðisins geti haft neikvæð áhrif í för með sér á vistkerfið innan verndarsvæðisins, þar sem skógræktarplöntur geta með tímanum dreift sér inn á það svæði. Samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila einkennist fyrirhuguð skógræktarsvæði að mestu leyti af vel grónum lynngrum og telur Skipulagsstofnun að svæði eigi ekki í vök að verjast vegna jarðvegseyðingar og því sé ekki um skógarnytjar að ræða í þeim skilningi. Fyrirhuguð skógræktarsvæði sem er utan þess svæðis sem afmarkað er í lögum um vernd Mývatns og Laxár nr. 97/2000 er ekki mikið að umfangi og telur Skipulagsstofnun að ekki sé líklegt að skógrækt á því svæði hafi veruleg neikvæð umhverfisáhrif í för með sér. Hins vegar telur Skipulagsstofnun að ástæða sé til að endurskoða áform um skógrækt á þessu svæði þar sem við meðferð málsins hafa komið fram rökstuddar ábendingar um að fullt tilefni sé til að fara varlega í framkvæmdir sem geta haft breytingar í för með sér á lífríki og landslagi ásamt því að raska jarðmyndunum í næsta nágrenni við svæði sem nýtur verndar samkvæmt sérlögum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir um þau. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð skógrækt á óskiptum úthaga jarðanna Jarlsstaða og Hjarðarhaga í Aðaldælahreppi og er utan þess svæðis sem afmarkað er í lögum nr. 97/2004 um vernd Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.br. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 25. nóvember 2005.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Aðaldælahreppur, Fornleifavernd ríkisins, Norðurlandsskógar og Umhverfisstofnun.